

# Norðurgata 2b (bakhús)

## Akureyri

FÍH hefur ákveðið að framlengja samstarfið við eigendur á Norðurgötu 2b á Akureyri um útleigu til félaga á litlu fallegu bakhúsi á besta stað á Akureyri.

Útleiga fer fram á skrifstofu félagsins en umsóknareyðublöð eru á [www.fih.is](http://www.fih.is).  
Um er að ræða **helgarleigu** frá fimmtudegi kl. 17:00 til sunnudags kl. 12:00 eða **vikuleigu** frá föstudegi kl 17:00 til föstudags 12:00.

### Saga hússins.

Þetta látlausu hús á sér mikla sögu og hefur hýst ýmsa starfsemi en í bók Guðnýjar Gerðar og Hjörleifs um Oddeyrina segir að húsið hafi reist Sófanías Baldvinsson árið 1911. Hvort húsið var reist sem íbúðarhús eða undir aðra starfsemi fylgir ekki sögunni en húsið er einlyft steinsteypuhús með háu portbyggðu og tiltölulega aflíðandi risi. Þverpóstar eru í gluggum og bakatil er húsið sambyggt ýmsum seinni tíma skúrbyggingum. Líklegt gæti einnig verið að húsið hafi verið reist sem gripahús en þarna hafa verið hýstir hestar og ýmsar skepnur. Mörg ártöl eru á hraðbergi um þetta hús en ýmis starfsemi hefur verið í þessu húsi auk þess sem það hefur búið í því. Þarna var lengi vel reykhus og þetta mun einnig vera fyrsta aðsetur Ríkisútvarpsins á Akureyri en útvarpið keypti húsið 1979 og hafði þarna hljóðver um nokkurt árabíl og kallaðist húsið þá [Hljóðhúsið](#). Lionshreyfingin hafði þarna aðsetur um nokkurt árabíl þar til framyfir 2000 og var húsið þá notað til funda og samkomuhalds. Húsið er í góðu standi og lætur ekki mikið yfir sér og ekki áberandi í götumynd Norðurgötunnar en er engu að síður stórmerkilegt og skemmtilegt hús.

(tekið af bloggsíðu Arnórs Blika Hallmundarsonar)

Húsið er tæplega 170 fm að stærð á 2 hæðum. Enginn garður fylgir húsi, en 33 fm pallur/þaksvalir eru út úr eldhúsi á efri hæð.

#### 3 svefnherbergi eru í húsinu:

Herb. 1 (neðri hæð) er ca 25 fm með 2 rúmum: tvö 153x200cm.

Herb. 2 (uppi) er lítið undir súð með 1 rúmi: 160X200cm

Herb. 3 (uppi) er lítið undir súð með 1 rúmi: 160x200cm.

Sængur og koddar eru fyrir 8 manns á staðnum

Vinsamlega athugið að ekki er örbylgjuofn í húsinu.

Tvö salerni eru, en annað er með sturtu. Hárpurrka er á wc á efri hæð. Sjálfvirk kaffivél fyrir kaffibaunir í eldhúsi, einnig er venjuleg kaffivél.

Lítill frystiskápur er í geymslu undir stiga. Þvottavél og þurrkari í þvottakompu.

Gaseldavél í eldhúsinu og ísskápur ásamt uppþvottavél

Ræstidót, straujárn og borð er í geymslunni við hlið salernis á neðri hæð.

Sjónvörp eru í öðru herberginu uppi og í stofu. Sjónvarpið í stofunni er tengt myndlykli Vodafone. Eitt apple TV á svæðinu. Öll tæki eru með hdmi tengi.

Það er góð internettenging í húsinu

Gólfhiti í stofu: rofinn er inni í svefnherbergi á neðri hæð.

Bílastæði eru hinumegin við götuna á móti húsinu.

Ekki má leggja bílum í innkeyrslunni við húsið, þar sem nágranni okkar á þau stæði.

**Gestir þurfa að koma með**

Handklæði, borðtuskur, viskastykki ásamt öllu á rúmin.

Gæludýr eru ekki leyfð

**Athugið!**

**Áskilið er að gestir gangi vel um húsið. Ef þrifum og frágangi er ábótavant og verður að kalla út fólk til þrifa, verður að gera það á kosnað leigutaka. Gjaldið er kr. 20.000.**